

**4. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. desember 2018
og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður og Sigurður Jón Hreinsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Aron Guðmundsson.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Uppbygging knattspyrnumannvirkja á Torfnesi - 2017010066

Lagt fram minnisblað Verkís hf., dagsett 27. nóvember 2018, varðandi rannsóknarboranir á núverandi gervigrasvelli og við hlið aðalvallar á Torfnesi, einnig lagt fram minnisblaði Verkís hf., dagsett 31. október 2018, þar sem farið er yfir mögulegan kostnað við byggingu á köldu knatt húsi. Fulltrúar Verkís hf. mæta til fundar og kynna niðurstöður ásamt kostnaðarmati.

Fulltrúar Verkís hf. mættu til fundar og kynntu niðurstöður jarðtæknirannsóknar og frumkostnaðaráætlun. Nefndin felur tæknideild Ísafjarðarbæjar að láta vinna samanburðar kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir annarsvegar kalt hús og hinsvegar upphitað hús. Nefndin leggur áherslu á að matið verði unnið sem fyrst þannig að hægt verði að taka ákvörðun um hvernig hús verður byggt á næsta fundi nefndarinnar, sem er áætlaður þriðjudaginn 18. desember nk.

Gestir

Gunnar Kristjánsson - 11:30

Jóhann Birkir Helgason - 11:30

Ragnar Ómarsson - 11:30

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir - 11:30

Gestir yfirgáfu fundinn 12:42

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45

4. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss

Kristján Þór Kristjánsson

Sif Huld Albertsdóttir

Aron Guðmundsson

Brynjar Þór Jónasson